

Alþingi  
Erindi nr. P 130/511  
komudagur 8.12.2003

Sjávarútvegsnefnd.

Umsögn Fiskistofu um frumvarp til laga um gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 254. mál.

Vísað er til fundar Fiskistofustjóra og tveggja skrifstofustjóra sjávarútvegsráðuneytisins með sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem mál þetta var til umræðu.

Fiskistofa telur mjög mikilvægt að 4. gr. frumvarpsins verði að lögum og treystir sér til að beita heimild til leyfissviptingar þannig að jafnræðisreglna sé gætt í hvívetna. Með tilvísun til þess sem fram kom á ofangreindum fundi gæti þó talist heppilegra í stað heimildar að setja fastar reglur um það hvenær Fiskistofa skuli beita leyfissviptingu ef skuldir vegna upptöku ólögmæts sjávarafla eru ekki greiddar. Fiskistofu er um það kunnugt að ráðuneytið hyggst leggja til orðalagi þessarar greinar verði breytt í því skyni og styður það.

Þórður Ásgeirsson  
Fiskistofustjóri